

STJÓRNARTÍÐINDI B 103 – 1994

15. desember 1994

2889

Nr. 707

REGLUGERÐ

um Menningarsjóð.

1. gr.

Hlutverk Menningarsjóðs er að veita útgefendum og/eða höfundum fjárhagslegan stuðning til útgáfu þeirra bóka á íslenski tungu, sem verða mega til eflingar íslenski menningu. Sérstök áhersla skal lögð á að efla útgáfu fræðirita, handbóka, orðabóka og menningarsögulegra rita. Jafnframt getur sjóðurinn veitt fjárhagslegan stuðning annarri skyldri starfsemi s.s. vegna hljóðbókagerðar.

Endurútgáfu vandaðra rita má styrkja, ef ástæða þykir til. Sjóðstjórn getur átt frumkvæði að einstaka úthlutunum.

2. gr.

Stjórn Menningarsjóðs er skipuð þremur mönnum sem kosnir eru hlutfallskosningu á Alþingi eftir hverjar alþingiskosningar. Menntamálaráðherra skipar formann úr hópi hinna kjörnu stjórnarmanna. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Stjórn Menningarsjóðs gerir árlega áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins og skal hún borin undir menntamálaráðherra til samþykktar.

Stjórn Menningarsjóðs ákveður í hverju tilviki hvernig greiðslum úr sjóðnum skuli háttað. Stjórnin getur ákveðið að greiðslur fari fram í áföngum eftir því sem kostnaður fellur til.

Stjórn Menningarsjóðs ræður sjóðnum starfslið eftir því sem þörf krefur. Menntamálaráðherra ákveður þóknun sjóðstjórnar. Kostnaður vegna starfsemi sjóðsins greiðist úr Menningarsjóði. Heimilt er sjóðstjórninni að semja við bankastofnun um að annast vörslu sjóðsins og fjárreiður hans.

3. gr.

Sjóðstjórn úthlutar styrkjum úr sjóðnum að jafnaði einu sinni á ári. Auglýst er með venjulegum hætti eftir umsóknum og skulu þær verða á sérstökum umsóknareyðublöðum Menningarsjóðs.

4. gr.

Skilyrði fyrir styrkveitingu skulu einkum vera þessi:

1. Handrit eða handritsdrög fylgi umsókn.
2. Verkið samræmist markmiðum sjóðsins að mati sjóðsstjórnar, sbr. 1. gr.
3. Heimildaskrár og/eða vandaðar hjálparskrár skulu fylgja fræðiritum.
4. Samkomulag um útgáfu liggi fyrir.
5. Gerð og frágangur verka fullnægi almennum gæðakröfum.
6. Upplag sé að jafnaði eigi minna en 750 eintök.
7. Eðlileg dreifing sé tryggð.
8. Útgáfutími sé ákveðinn.

Þá er styrkveiting ennfremur bundin því skilyrði að Menningarsjóður fái afhent endurgjaldslaust 5 eintök útgefins ritverks sem notið hefur styrks úr sjóðnum og að þess sé getið í útgefnu riti að Menningarsjóður hafi styrkt útgáfuna.

5. gr.

Nú er verk ekki gefið út innan hæfilegs tíma að mati sjóðsstjórnar og fellur þá styrkloforð niður. Hafi styrkur verið greiddur ber styrkþega að endurgreiða hann, ásamt venjulegum vöxtum, sem vera skulu jafnháir og almennir sparisjóðsvextir við Landsbanka Íslands.

6. gr.

Stjórn Menningarsjóðs tekur árlega saman skýrslu um starfsemi sjóðsins, sem skal geyma endurskoðaðan ársreikning og skrá um úthlutanir úr sjóðnum. Eintak af skýrslunni skal sent menntamálaráðuneyti, ríkisbókhaldi og ríkisendurskoðun.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 79/1993 og öðlast þegar gildi. Um leið fellur úr gildi reglugerð nr. 390/1993 um Menningarsjóð.

Menntamálaráðuneytið, 15. desember 1994.

Ólafur G. Einarsson.

Guðríður Sigurðardóttir.